

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna verslunar og þjónustu í landi Skaftafells III-IV.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. ágúst 2024 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarráði 2. júlí 2024.

Í breytingunni felst að skipulagsákvæðum fyrir verslun og þjónustu (VP44) í landi Skaftafells III-IV verði breytt þannig að hámarksfjöldi gistihúsa verði allt að 70 í stað 35, hvert hús geti verið allt að 64 m² í stað 40 m² og hámarkshæð fari úr 1 hæð í 2 hæðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. ágúst 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 5. september 2024